

Grasagarðar Vestfjarða (Westjords Botanical Garden)

Skipulagsskrá

1.grein

Lagaumhverfi

Safnið heitir Grasagarðar Vestfjarða og starfar samkvæmt safnalögum nr 106/2001 og siðareglum ICOM. Grasagarðar Vestfjarða eru í eigu Náttúrustofu Vestfjarða en safn og sýningarreitir verða skipulagðir í samvinnu við eignaraðila Náttúrustofu Vestfjarða.

2.grein

Hlutverk

Hlutverk safnsins er söfnun og varðveisla vestfirskra plantna. Safnið skal vinna skipulega að verndun og skráningu plantanna og rannsóknum tengdum þeim.

Grasagarðar Vestfjarða er menningar- og fræðslustofnun, sem skal þjóna öllum íbúum sveitafélagsins og gestum þess.

Safnið skal eftir föngum sérstaklega vinna að sýningum og gerð fræðsluefnis fyrir: Ferðamenn, skólanemendur og hvern íbúa bæjarins sem hefur áhuga á plönnum og efni tengdu þeim.

Safnið skal bjóða upp á leiðsögn um sýningar safnsins og fræðsluerindi um sérstök málefni eftir því sem við á hverju sinni og stuðla að fræðistörfum innan grasafræði, garðmenningar og garðyrkju.

3.grein

Starfssvið

Safnið er lifandi plötur frá mismunandi svæðum af Vestfjörðum sem haldið er aðskildum.

Safnið setur upp lifandi sýningar á plöntum í eigu safnsins og á þurrkuðum plöntum (herbarium). Safnið setur einnig upp sérsýningar eftir föngum.

Plöntur í eigu safnsins og upplýsingar þeim tengdar, skulu ávallt vera aðgengilegar fræðimönnum.

Sýningar safnsins eru haldnar á mismunandi stöðum samkvæmt sérstökum samingum við hlutaðeigandi aðila, svo sem við bæjarfélögin, önnur söfn og setur.

4.grein

Eigendur

Náttúrustofa Vestfjarða á og rekur safnið.

5.grein

Rekstur

Fjárhagslegur rekstur er tryggður með frjálsum framlögum, styrkveitingum, skipulögðum leiðsögnum gegn greiðslu og minjagripasölu.

6.grein

Arður af stafsemi safnsins.

Fjárhagslegur arður safnsins skal ganga til safnsins sjálfs.

7.grein

Forstöðumaður

Safnið er rekið af Náttúrustofu Vestfjarða.

Náttúrustofa Vestfjarða sér um daglegan rekstur safnsins og skal forstöðumaður Náttúrustofunnar jafnframt vera forstöðumaður safnsins.

8.grein

Stjórn

Stjórn Náttúrustofu Vestfjarða hefur yfirumsjón með Grasagörðum Vestfjarða. Stjórnin er skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Eigendur í héraði tilnefna tvo en ráðherra einn og skal hann vera formaður. Sömu reglur gilda um varamenn. Skipunartími stjórna er milli reglulegra sveitarstjórnarkosninga.

Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með rekstri stofunnar, fjalla um og samþykkja fjárhagsáætlanir og fylgjast með fjárhag hennar og starfsemi. Allur kostnaður vegna starfa stjórnarinnar greiðist af stofunni. Í stjórn Náttúrustofu Vestfjarða eru Þoleifur Ágústson fyrir hönd Ísafjarðarbæjar, Jóhann Hannibalsson fyrir hönd Bolungarvíkurkaupstaðar og Valgeir Rúnar Hauksson fyrir hönd Súðavíkurhrepps.

9. grein

Samstarf

Forstöðumanni er heimilt að ganga til samstarfs við önnur söfn innanlands sem utan og/eða viðurkenndar stofnanir um málefni er varðar safnið.

10.grein

Ákvæði um niðurlögn safnsins.

Verði ákveðið að leggja safnið niður verða þurrkuðu plönturnar geymdar áfram í forvörslu Náttúrustofu Vestfjarða en lifandi plönturnar verða í höndum Bolungarvíkurkaupstaðs, sem á svæðið.

11.grein

Endurskoðun

Stofnskrá þessi skal endurskoðuð eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Stofnskrá þessi tekur í gildi 1. nóvember 2011.

Dags: _____

Þorleifur Ágústsson

Formaður stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða.